




Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ minnisblað bæjarstjóra

Kópavogi, 28. apríl 2026
25092909/502.00 HO

Efni: Þjónustumiðstöð Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG)

Með bréfi GKG dags. 18. september 2025 til bæjarstjóra Kópavogsbæjar, var óskað eftir aðkomu Kópavogsbæjar að uppbyggingu GKG á nýrri þjónustumiðstöð golfvalla GKG í Garðabæ. Staðsetning hennar er fyrirhuguð sunnan megin við bílastæði Íþróttamiðstöðvar GKG.



Í erindinu kemur fram að kostnaðaráætlun verksins er byggð upp sem sambland af tveimur aðferðum: Annars vegar magnreikningi byggingarhluta og einingarverðum og hins vegar reiknuðum gólffermetrum og einingarverðum þeirra. Þar sem byggingarhlutar eru þekktar stærðir eru þeir kostnaðarmetnir sem slíkir eftir reynslutölum ASK arkitekta úr sambærilegum verkum og verðbönkum.

Þar sem ekki liggur fyrir endanleg hönnun til að byggja á byggingarhlutum, er kostnaður einnig metinn sem verðeining á hvern gólffermetra. Þessi aðferðarfræði við nálgun kostnaðar er talin gefa raunhæfa mynd af endanlegum kostnaði, miðað við þær stærðar og hönnunarforsendur sem liggja fyrir. Ofan á þennan kostnað er svo settur óvissupáttur upp á 15% til að mæta óvissu sem óhjákvæmileg er í áætlunum sem þessari. Áformuð stærð þjónustumiðstöðvarinnar er um 1.000 fermetrar.



Áætlaður kostnaður við bygginguna er kr. 560.000.000. – m.v. núverandi stöðu. Er gengið út frá svipuðu fyrirkomulagi við fjármögnun verksins eins og gert var þegar íþróttamiðstöð GKG var byggð.

Mun þannig GKG fjármagna u.þ.b. þriðjung byggingarinnar og munu Kópavogur og Garðabær hvort um sig ábyrgjast fyrir 2/3 hluta byggingarinnar. Greiðsla þess hluta sem fellur á sveitarfélögin skiptist niður á fimm ár. GKG mun annast framkvæmdirnar og fjármagna þær með lántökum tryggðum með ábyrgðum sveitarfélaganna á greiðslum þeirra yfir 5 ára tímabil.

Áformað er að leggja fram samning um framkvæmdina til umræðu og afgreiðslu í bæjarráði og bærarstjórn ásamt viðauka.



Ásdís Kristjánsdóttir, bærarstjóri
(undirritað rafrænt)

